

REGLUGERÐ

um tveggja mánaða viðaukanámskeið við hið meira mótornámskeið
Fiskifélags Íslands.

I. KAFLI

Um inntökuskilyrði, kennslu o. fl.

1. gr.

Markmið námskeiðsins er að veita nemendum fræðslu í eftirtöldum námsgreinum til viðbótar því, sem hið meira mótornámskeið Fiskifélags Íslands, er staðið hefur í 4 mánuði, hefur veitt og búa nemendur undir próf í þeim greinum.

2. gr.

Á námskeiðinu skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, eðlisfræði, bóklega og verklega mótórfæði og bóklega og verklega rafmagnsfræði.

3. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðið eru: a) að nemandinn hafi lokið hinu meira mótórvéltjóraprófi Fiskifélags Íslands; b) að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans; c) að hann hafi óskert mannorð.

4. gr.

Beiðni um inntöku á námskeiðið skal senda Fiskifélagi Íslands í Reykjavík eigi síðar en hálfum mánuði áður en námskeiðið byrjar. Skulu þeim fylgja vottorð um, að umsækjandi uppfylli skilyrði þau, sem sett eru í 3. gr.

5. gr.

Þessi leyfi skal veita:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. des. til 4. janúar, að báðum dögum meðtöldum. Beri 4. janúar upp á sunnudag, skal kennslan byrja næsta þriðjudag á eftir.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til 3. í páskum, að báðum dögum meðtöldum.
3. 1. des., öskudagur og sumardagurinn fyrsti.
4. Í þeim mánuðum, sem ofangreind leyfi eru ekki, getur forstöðumaður námskeiðsins veitt eins dags leyfi.

6. gr.

Reglusemi:

1. Lærisveinarnir skulu vera komnir í skólann á hverjum degi áður en kennslustundir byrja.
2. Geti lærisveinn ekki sótt kennslustund sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni námskeiðsins það.
Geti lærisveinn ekki vegna veikinda sótt kennslustundir 2 daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.
3. Í friminútum má enginn hávaði eiga sér stað í keunslustofum.
4. Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alls staðar í skólanum.

5. Lærisveinar skulu fara vel með muni skólans og áhöld. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá eða kæruleysi þeirra, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir. **187**
30. sept.
6. Lærisveinar mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
7. Skyldur er lærisveinn að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar til að styðja reglu og aga í skólanum.
8. Brjótí lærisveinn gegn góðri reglu og velsæmi, sýni ókurteisi, óhlýðni eða sé óreglusamur, svo að skólaveri hans teljist skaðleg fyrir námskeiðið eða aðra lærisveina námskeiðsins eða gagnslaus fyrir hann sjálfan, má vísa honum burt af námskeiðinu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef það telst nauðsynlegt. Skal til þess fengið samþykki Fiskifélags Íslands.

7. gr.

Forstöðumaður námskeiðsins hefur á hendi alla umsjón með því; hann skal og ráða stundakennara og sjá um útvegna á því, sem til námskeiðsins þarf. Öll nauðsynleg áhöld, sem til kennslunnar þarf, leggur Fiskifélag Íslands til, en lærisveinar skulu kosta sjálfir bækur og önnur áhöld, er þeir þurfa við námið. Við kennsluna skal nota þær kennslubækur, sem forstöðumaður námskeiðsins ákveður í samráði við Fiskifélag Íslands.

8. gr.

Námskeiðið skal standa í 2 mánuði og skulu kennslustundir vera á viku sem hér segir minnst:

Íslenska	5 stundir
Stærðfræði	4 —
Eðlisfræði	3 —
Mótorfræði bókleg	4 —
Mótorfræði verkleg	4 —
Rafmagnsfræði bókl.	8 —
Rafmagnsfræði verkleg	6 —

Samtals 34 stundir

Auk þess eru lærisveinar skyldir að hlýða á fyrirlestra í hjúkrunarfræði, öryggisráðstöfunum og björgunarreglum einu sinni í viku.

Hver kennslustund er 50 mínútur með 10 mínútna hléi milli hverra samliggjandi kennslustunda. Miðdegisverðarhlé skal vera frá kl. 11.50 til kl. 13.10.

9. gr.

Að afloknu prófi skal forstöðumaður námskeiðsins senda Fiskifélagi Íslands greinilegar skýrslur um kennsluna og prófið; skal í þær rita nöfn, fæðingarstað, fæðingardag og ár þeirra lærisveina, er sótt hafa námkeiðið og próf taka, einkunnir þeirra og hin skriflegu úrlausnarefni. Skal pófnefnd undirskrifa prófskýrsluna.

II. KAFLI

Um prófið.

10. gr.

Próf skal haldið að afloknu námskeiðinu. Æski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til menntamálaráðuneytisins eigi síðar en mánuði áður en próf byrjar. Umsókninni skal fylgja

187 vottorð um, að hann fullnægi inntökuskilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð
30. sept. um það frá kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, að hann sé fær um að ganga undir prófið.

11. gr.

Prófið er bæði munnlegt, skriflegt og verklegt. Það skal haldið af prófnefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til þess í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður námskeiðsins og tveir aðrir; skal annar þeirra hafa meiri vélfræðilega þekkingu en námskeiðin veita, en hinn vera vélsmiður, sem æfingu hefur í mótórviðgerðum. Einn hinna ofangreindu prófdómenda, þó ekki forstöðumaður námskeiðsins, skal vera oddviti prófnefndar.

12. gr.

Til prófsins þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt, lesið sæmilega og kunna skil á helztu atriðum málfraeðinnar.
2. Í stærðfræði: Þekking á hinum 4 reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, þekking á þríliðu, líkingum og grundvallaratriðum flatarmáls- og rúmmálsfræðinnar.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögmálum loftkenndra efna, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, seltumælum, dælum, hita, hitamælum, úþpenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun og suðu. Þekking á einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrífu, fleyg, dragreipi o. s. frv.; ennfremur á rafmagni og segulmagni.
4. Í mótórfræði: Fyllri þekking á því, sem til hins meira mótorsnámskeiðsprófs þurfti.
5. Í rafmagnsfræði: Þekking á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar um rakstraum. Þekking á rafölum, rafmagnsmótorum og rafmagnsgeymum og meðferð þeirra. Ennfremur þekking á rafmagnslögnum, mælitækjum og ljósatækjum í skipum.

13. gr.

Verkefni við prófið velur prófnefnd. Skulu verkefni afhent í lokuðu umslagi, undirskrifuð af prófnefndinni; þau skulu vera tveimur fleiri en prófsveinar eru og dregur hver sitt. Skrifleg úrlausnarefni eru þau sömu fyrir alla, sem á sama tíma ganga undir próf. Hinar munnlegu úrlausnir séu skrifaðar á miða, og dregur prófsveinn einn miða um leið og hann er kallaður til spurninga. Á hinum skriflegu og verklegu úrlausnarefnum skal taka það fram, hve langur tími er veittur til úrlausnar. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf og dæmir um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum skipuðu prófdómöndum. Við hið skriflega próf mega eigi aðrir vera í prófstofunni auk prófsveina en prófnefnd og eftirlitsmenn. Við hið verklega próf mega eigi aðrir vera viðstaddir en prófnefnd, kennari og sá prófsveinn, sem verið er að prófa. Hið munnlega próf má halda í heyranda hljóði. Prófsveinar, sem ekki er verið að prófa, mega hvorki hlusta á hið munnlega próf né vera í prófstofunni, er þeir hafa lokið hinum skriflegu úrlausnum.

14. gr.

Þyki prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, getur hann snúið sér til eftirlitsmanna. Nú álitur prófsveinn, að fyrir hann sé lagt eitthvert það verkefni, sem ekki heyri prófinu til; skal hann þá snúa sér til prófnefndar um þetta, og er henni þá skylt að leiðrétta, ef um misskilning er að ræða hjá henni eða prófsveini.

15. gr.

Prófsveinar skulu mæta stundvíslega á tilteknum stað og stundu og mega ekki án leyfis víkja úr þeim stað, sem þeim er fenginn.

Prófsveinar mega ekki hafa með sér nein áhöld eða hjálpartæki önnur en þau, 187
sem prófnefnd leyfir.

Sannist það, að prófsveinn noti önnur hjálpartæki, reyni að fá hjálp eða að hjálpa öðrum eða brjóti á annan hátt settar reglur, má vísa honum frá prófi, og skal þá álitíð, að hann hafi ekki staðizt prófið.

Gangi prófsveinn frá prófi vegna sjúkleika og sannar siðar með læknisvottorði, að hann hafi verið forfallaður, ber að líta svo á, að hann hafi gengið undir prófið, og má prófa hann í því, sem eftir var, svo fljótt sem því verður við komið. Eru þá fyrri svör hans fullgild við því, sem lokið var, þegar hann forfallaðist.

Geti hann aftur á móti ekki fært sönnur á, að hann hafi haft fullgilda ástæðu fyrir fjarveru sinni frá prófinu, skal álitíð, að hann hafi ekki staðizt prófið.

Hver prófsveinn dregur í byrjun prófsins eitt tölunúmer, sem hann hefur, meðan prófið stendur yfir.

16. gr.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndar, að prófsveinn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur oddviti vikið honum frá prófi.

17. gr.

Við prófin skulu gefnar einkunnirnar 0 til 8 með þriðjungs millieinkunnum.

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammistöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildi einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan.

18. gr.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin 7—8

1. einkunn telst meðaleinkunnin 6—7

2. einkunn telst meðaleinkunnin 5—6

3. einkunn telst meðaleinkunnin 4—5

Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er 4.

19. gr.

Við prófið skulu gefnar 9 einkunnir.

Í íslenzku 2 einkunnir, fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn.

Í stærðfræði 2 einkunnir, fyrir 1 munnlega og 1 skriflega úrlausn.

Í eðlisfræði 1 einkunn, fyrir 1 munnlega úrlausn.

Í mótórfræði 2 einkunnir, fyrir 1 munnlega og 1 verklega úrlausn.

Í rafmagnsfræði 2 einkunnir, fyrir 1 munnlega og 1 verklega úrlausn.

Hinar verklegu úrlausnir séu fólgnar í meðferð logsuðutækja og öðru því, sem prófsveinar hafa ekki tekið próf í áður.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 72 stig. Til þess að standast prófið þarf í aðal-einkunn minnst 36 stig.

20. gr.

Hver prófsveinn, sem staðizt hefur prófið, fær að því loknu prófskírteini eftir þessari fyrirmynd:

(Ríkisskjaldarmerki)
VIÐAUKASKÍRTEINI

við

prófskírteini nr.:.....

N.N.

fæddur

.....

hefur staðizt viðaukapróf við hið meira mótórvéltjórpróf Fiskifélags Íslands, samkvæmt lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, og hlotið þær einkunnir er hér segir:

Íslenzka	2 eink.	stig
Stærðfræði	2 —	—
Eðlisfræði	1 —	—
Mótorfræði	2 —	—
Rafmagnsfræði	2 —	—

Aðaleinkunn 9 einkunnir stig

Meðaleinkunn, sem er einkunn

.....19.....

.....

.....

.....

Til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn minnst 36 stig. Hæsta aðaleinkunn er 72 stig.

21. gr.

Að afloknu prófi ritar prófnefnd skýrslu um það með nöfnum prófsveina, fæðingardegi, ári og fæðingarstað ásamt verkefni við prófið, og ritar hún hinar gefnu einkunnir í þar til gerða bók, dagsetur hana og staðfestir með undirskrift sinni.

Prófbókina varðveitir Fiskifélag Íslands, en afrit af henni skal senda menntamálaráðuneytinu.

22. gr.

Glati mótórvéltjóri prófskírteini sínu, á hann rétt á að fá eftirrit af því hjá Fiskifélagi Íslands, ef hann óskar þess.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. september 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.